

Alþingi
Erindi nr. P 139/1905
komudagur 16.4.2004



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

SA/

Rvk. 13.04.2004

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, 337. mál.

Samtökum atvinnulífsins (SA) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, 138. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að RÚV verði einkavætt, stofnað verði hlutafélag um rekstur Ríkisútvarpsins og það selt. Starfsmenn halda starfi sínu hjá hlutafélaginu, og njóta þá forgangs um kaup á hlutafé á lækkuðu verði. RÚV hf. mun njóta forgangs til verkefna fyrstu þrjú árin. Með samþykki frumvarpsins væri skylduáskrift landsmanna að ríkisfjölmíðlum lokið. Í staðinn verður persónuafsláttur lækkaður um 1.000 kr. á mánuði eða 12.000 kr. á ári. Útvarpsráð fengi þessar tekjur á fjárlögum til ráðstöfunar en þetta eru sömu tekjur og Ríkisútvarpið hefur nú af innheimtu útvarpsgjalds að frádregnum kostnaði við rekstur innheimtudeildar RÚV.

Samtök atvinnulífsins telja eðlilegt að útvarpsstöðvar fái allar jafnt færi á að sinna því hlutverki sem Ríkisútvarpið gegnir nú samkvæmt útvarpslögum: Að gegna öryggishlutverki á hættutímum, flytja fréttir og skoðanaskipti, standa vörð um íslenska tungu, menningararfleifð og sögu þjóðarinnar, flytja lista og menningarefni, fræða hlustendur, flytja skemmtiefni, sérstaklega fyrir börn og senda dagskrána út til landsins alls. Þess vegna er rétt að skylduáskrift að Ríkisútvarpinu falli niður. Með útboðum gefst keppinautum Ríkisútvarpsins kostur á að bjóða betri dagskrá fyrir lægra verð en Ríkisútvarpið gerir nú - ef þeir geta. Ef í ljós kemur að Ríkisútvarpið er best fallið til þessa hlutverks mun það sinna því áfram. Nauðsynlegt er að allir sitji við sama borð í þessum útboðum. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að Ríkisútvarpinu verði breytt í hlutafélag, svo að ábyrgð ríkisins hverfi og reikningar þess gefi rétta mynd af kostnaði við reksturinn. Forsendur fyrir sérstökum "afnotagjöldum" til RÚV eru ekki lengur fyrir hendi eftir að einkareknar stöðvar hófu starfssemi. Sérstök afnotagjaldtaka RÚV á "fyrirtækjabifreiðar" en ekki á einkabifreiðar, án þess að lagastöð sér fyrir slíkri mismunun, sýnir vel þær ógöngur sem kerfið er komið í.

Samtökin mæla með því að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald, framkvæmdastjóri

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is